

Fjárlaganefnd Alþingis

Reykjavík, 12. maí 2023
Málsnúmer: DSS202301-0047/2.00

Efni: Fjárheimildir til dómstóla í fjármálaáætlun 2024-2028

Hinn 10. maí sl. fékk dómstólasýslan upplýsingar um bréf Dómsmálaráðuneytisins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 18. apríl sl., þar sem ráðneytið vekur athygli nefndarinnar á frávikum sem eru á milli tillagna dómstólasýslunnar og útgjaldaramma dómstólanna í framlagðri þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2024-2028, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og 1. mgr. 7. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016.

Framangreind lagaákvæði byggja á sjónarmiðum um sjálfstæði dómstólanna gagnvart framkvæmdavaldinu og mikilvægi þess að Alþingi séu ljós sjónarmið dómstólanna um fjárþörf þeirra. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um opinber fjármál kemur m.a. að fram að í ákvæði 21. gr. felist „ráðagerð um að fjárlaganefnd Alþingis gefi fulltrúum dómstólanna kost á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum milliliðalaust fyrir nefndinni.“ Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laga um dómstóla segir að stjórn dómstólasýslunnar leggi mat á og geri tillögur til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar. Þá kemur fram að sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skuli ráðherra greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess og frávikum. Einnig kemur fram að tilgangur ákvæðis 1. mgr. 7. gr. sé „að auka sjálfstæði dómstólanna um eigin fjárhag og veita þeim greiðari aðgang að fjárveitingarvaldinu. Þótt ráðherra sé samkvæmt ákvæðinu ekki skylt að taka tillögur dómstólasýslunnar upp óbreyttar er lagt til grundvallar að hann víki ekki frá þeim nema í alveg sérstökum tilvikum.“ Þá segir einnig: „Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að styrkja stöðu dómstólanna gagnvart framkvæmdavaldinu og tryggja að Alþingi séu fyllilega ljós sjónarmið dómsvaldsins áður en ákvörðun er tekin um fjárveitingar.“

Með vísan til framangreinds kemur dómstólasýslan hér með á framfæri ósk um að fá að koma á fund fjárlaganefndar og gera grein fyrir tillögum sínum og þeim rökum sem þær byggja á.

Virðingarfyllst,
f.h. dómstólasýslunnar

Sigurður Tómas Magnússon
stjórnarformaður

Kristín Haraldsdóttir
framkvæmdastjóri